



Varðandi: Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning 2019

Málsnúmer: 1901356

Dagsetning: 08.02.2019

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 98. Fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 6. febrúar 2019 var fjallað um breytingar á Reglum um sérstakan húsnæðisstuðning. Lögð er til breyting á 4. lið í 3. grein.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti tillögu um breytingu og vísar þeim til bæjarráðs og bæjarstjórnar til samþykktar.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning Akraneskaupstaðar taka í meginatriðum mið af leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytisins um sérstakan húsnæðisstuðning sem veittur er í í samræmi við lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Tekjuviðmið fyrir veitingu sérstaks húsnæðisstuðnings eru í samræmi við tekjuviðmið til húsnæðisbóta hverju sinni. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á fundi sínum tillögu um breytingar á 4. lið 3. greinar í Reglum um sérstakan húsnæðisstuðning á Akranesi. Í tillögunni felst að eignarviðmið verði í samræmi við eignarviðmið húsnæðisbóta hverju sinni. Fjórdi liður 3. greinar hljóði svona eftir breytingar: „Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu í samræmi við eignarviðmið almennra húsnæðisbóta hverju sinni.“

Velferðar- og mannréttindaráð vísað tillögunni til endanlegrar samþykktar í bæjarráði og bæjarstjórn Akraness.

Svala Hreinsdóttir
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs